



***Fornleifaskráning vegna deiliskipulags frá
Aldeyjarfossi að Hrafnabjargarfossi,
Þingeyjarsveit***



Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir

2024

Forsíðumynd: Mynd af afrettargarði [3352-001].



Sagnabrunnur

© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir


Nóvember 2024

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Skráningarsvæðið.....	2
Fornleifaskrá	3
Stóra-Tunga.....	3
[3352-001] – hleðsla – Garður	4
[3352-002] – hleðsla – rétt	4
[3352-003] – gata – leið	5
[3352-004] – hleðsla – óþekkt	5
[3352-005] – varða – óþekkt.....	6
[3352-006] – varða – óþekkt.....	6
[3352-007] – hleðsla – vörslugarður.....	6
[3352-008] – kennimark – Einbúi.....	7
[3352-009] – niðurgröftur – kolagröf	7
[3352-010] – niðurgröftur – kolagröf	7
[3352-025] – varða - samgöngubót.....	8
[3352-026] – varða - samgöngubót.....	8
[3352-027] – varða - samgöngubót.....	9
[3352-028] – varða - samgöngubót.....	9
[3352-029] – varða - samgöngubót.....	9
[3352-030] – varða - samgöngubót.....	10
[3352-031] – varða - samgöngubót.....	10
[3352-032] – varða - samgöngubót.....	11
[3352-033] – varða - samgöngubót.....	11
[3352-034] – varða - samgöngubót.....	11
[3352-035] – varða - samgöngubót.....	12

[3352-036] – varða - samgöngubót.....	12
[3352-037] – varða - samgöngubót.....	12
[3352-038] – varða - samgöngubót.....	13
[3352-039] – gata - leið.....	13
[3352-040] – varða - óþekkt	13
[3352-043] – hellir – Lekaskúti	14
[3352-044] – hellir – Móruskúti	14
[3352-045] – varða – samgöngubót	14
[3352-046] – varða - óþekkt	15
[3352-047] – hleðsla – óþekkt	15
[3352-048] – varða - óþekkt	15
[3352-050] – heimild – tóft.....	16
Litla-Tunga	16
[3352-011] – varða – óþekkt.....	16
[3352-012] – hleðsla – vörslugarður.....	17
[3352-013] – varða – óþekkt.....	17
[3352-014] – varða – óþekkt.....	18
[3352-015] – varða – óþekkt.....	18
[3352-016] – varða – samgöngubót	18
[3352-017] – varða – samgöngubót	19
[3352-018] – varða – samgöngubót	19
[3352-019] – varða – samgöngubót	19
[3352-020] – varða – samgöngubót	20
[3352-021] – tóft – fjárskýli.....	20
[3352-022] – hleðsla – óþekkt	21
[3352-023] – varða – óþekkt	21
[3352-024] – varða – óþekkt.....	22

[3352-041] – örnefni - Álfakirkja	22
[3352-042] – örnefni – Kolhöfði.....	22
[3352-049] – örnefni – Merkilágar	23
Niðurstöður	23
Heimildaskrá:	24
Viðauki I. Tafla yfir skráðar minjar	25
Viðauki II. Myndaskrá	27
Viðauki III. Minjakort.....	28



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.

Abstract

Þingeyjarsveit hired Rannveig Þórhallsdóttir & Indriði Skarphéðinsson, at Sagnabrunnur ehf., to do an archaeological registration in an area stretching from Aldeyjarfoss in the north, to Hrafnabjargarfoss in the south. This project has the registration nr. 3352. In total 50 features were surveyed in the area, out of which 47 are considered to be protected archaeological features. The survey area is mostly made up of barren land and old lava fields with little soil and vegetation coverage. The majority of the surveyed features were cairns, some marking a clear path and other of an unknown function. Most of the surveyed features were constructed only with stone, which are plentiful in the barren lava fields.

Inngangur


Sagnabrunnur ehf. tók að sér fornleifaskráningu vegna deiliskipulags við Skjálfandafljót, frá Aldey og Aldeyjarfossi að Hrafnabjargarfossi. Þar stendur til að skilgreina gönguleiðir, áningastaði og aðra uppbyggingu vegna ferðamanna. Verkaupi var Þingeyjarsveit og fulltrúi þeirra Anna Bragadóttir, skipulagsfulltrúi. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en deiluskipulag er afgreitt. Tilgangur fornleifaskráningarinnar er að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á svæðinu, ásamt því að skoða deiliskipulagssvæðið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði. Fóru tveir fornleifafræðingar, Indriði Skarphéðinsson og Rannveig Þórhallsdóttir, og skoðuðu svæðið á vettvangi dagana 17. og 18. október síðastliðinn. Aðstæður voru ekki eins og best var á kosið; snjóföln var á svæðinu og gekk á með þoku og rigningu en einnig skein sólin inn á milli.

Í heildina voru skráðar 50 minjar í og við skráningarsvæðið, þrjár þeirra höfðu áður verið skráðar í fyrri skráningu á svæðinu (Orri Vésteinsson, 2016). Þar sem ekki liggur fyrir eðli og umfang framkvæmdanna þegar þessi skýrsla er rituð var ekki tekin afstaða til hættu sem gæti stafað af einstaka minjum, heldur eru allar minjar innan svæðisins taldar í hættu.

Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið þekur um 4x1.7 km svæði á austur- og vesturbakka Skjálfandafljóts frá Aldey í norðri og stutt suður fyrir Hrafnabjargarfoss í suðri. Skráningarsvæðið á vesturbakka fljótsins nær yfir allt Ingvararnes, Ingvararhlíð og „Austan við fjallið“ ásamt Aldeyjarbjörgum. Svæðið á austurbakkanum nær yfir Aldey, Bárðardalshraun austan Aldeyjar, Nauthóla og nokkuð inn í Suðurárhraun. Austan við fljótið liggur skráningarsvæðið í landi Stóru-Tungu og afréttar en vestan megin í landi Litlu-Tungu og afréttar.

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á hluta svæðisins, vestan Skjálfandafljóts á árunum 2014-2016. Sú skráning var samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Fornleifastofnunar Íslands (Orri Vésteinsson, 2016). Þrennar minjar sem skráðar voru í þeirri fornleifaskráningu eru innan skráningarsvæðisins nú.



Mynd 2. Afmörkun skráningarsvæðisins.

Fornleifaskrá

Stóra-Tunga

Í kaupbréfi frá 1403 er þess getið að Sæmundur Þorsteinsson kaupir jörðina Sigluvík af Þórólfi Eilífssyni og geldur jarðarinnar Tungu í Bárðardal og Öxará (Íslenzkt Fornbréfasafn III, bls 681), líklega á hér við Stóru-Tungu. Í jarðatali Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er jörðin metin 26 hundruð að dýrleika með hjáleigunni Svartárkoti og metur Johnsen hana eins (Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1943:144-145; J. Johnsen, 1847:323). Graslendi á jörðinni var talið allgott til ræktunar heima við bæinn, en svört hraun og úfin neðan og innan við hann. Talið er að jörðin hafi farið í eyði um Móðuharðindin en jörðin byggðist svo aftur um 1794 (Jón Sigurðsson, 1954:222). Í Jarðamati Árna og Páls er vatnsuppgangur talinn spilla mjög túninu, engjar öngvar. Úthagarnir taldir víðlendir og góðir sauðfé en gagnast lítið stórgripum og spillast mjög af sandfoki (Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1943:145).

[3352-001] – hleðsla – Garður

Í örnefnaskrá Stóru-Tungu segir: “*Þar sem Suðurá beygir austur og sameinast Svartá, heitir Móhorn. Sunnar er garður, hlaðinn úr grjóti, frá Suðurá og vestur á Fljót. Þetta var afréttargirðing, en er ekki lengur í gildi, sökum þess, að önnur ný er komin í hennar stað, suður í hrauninu.*” (Örnefnaskrá, Stóru-Tungu,



Mynd 3. Afréttargarður [3352-001], mynd tekin til vesturs.

bls 9). Garðurinn er uppistandandi og nokkuð heillegur þó víða sé farið að hrynja úr honum. Garðurinn liggur austur-vestur á um 620 m löngum kafla milli Suðurár og Skjálfandafljóts á því svæði þar sem styðst er á milli vatnsfallanna, um lyngmóa, mela og hraun. Tvö skörð eru á garðinum, eitt þar sem bíslóðinn liggur í gegnum það og annað stutt ofan við Skjálfandafljót. Þar sem skarðið er í garðinum við fljótið er rétt [3352-002] hlaðin upp við garðinn og liggur leið [3352-003] í gegnum skarðið á garðinum. Veggghæð hleðslunnar er á bilinu 0,3-1,2 m og veggþykktin á bilinu 0,5-1 m á breidd. Rúmum 1,6 km sunnar, við Nauthólakamb, stendur núverandi afréttargirðing.

[3352-002] – hleðsla – rétt

Minjarnar eru hlaðnar upp við afréttargarð [3352-001] norðanmegin, um 20 m austan við Skjálfandafljót í lyngmóa. Þar sem minjarnar standa við garðinn er skarð í honum og liggur leið [3352-003] þar í gegnum skarðið. Vafalítið er hér um litla rétt að ræða sem nýst hefur þegar fé var rekið af afréttinni. Hefur það að öllum



Mynd 4. Rétt [3352-002], mynd tekin til vesturs.

líkindum verið rekið í gegnum skarðið á afréttargarðinum sem réttin stendur við. Réttin skiptist í tvö misstór hólfi, það minna um 4,5x3,5 m að stærð og það stærra um 6,8x4,2 m að stærð. Réttin er hlaðin með hraungrýti og eru veggghæð hennar á bilinu 0,3-0,5 m og þykkt veggja um 0,4-0,5 m.

[3352-003] – gata – leið

Um 30 m austan við Skjálfandafljót er skarð í afréttargirðingu [3352-001], í gegnum þetta skarð liggur leiðin. Um er að ræða tvö- og stundum þrefaldan kindastíg sem er greinilegur á um 400 m löngum kafla. Stígurinn liggur um lyngmóa og er greinanlegur þar en hverfur svo í uppblásið svæði og hraun. Má leiða líkur að því að gatan sé tilkomin vegna reksturs fjár af afréttinni en gatan liggur í gegnum skarð á afréttargirðingunni við rétt [3352-002].



Mynd 5. Gata [3352-003], mynd tekin til norðurs.

[3352-004] – hleðsla – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í hrauni og lyngmóa á austurbakka Skjálfandafljóts, um 13 m sunnan við afréttargirðingu [3352-001]. Um er að ræða 7 m langa hleðslu úr hraungrýti sem liggur nokkurn veginn norður-suður með litlu rými sem gengur út úr hleðslunni miðri austan megin. Litla rýmið er um 1,5x2 m að stærð og opið til austurs. Hlutverk minjanna er ekki þekkt, mögulega gæti verið um að ræða einhverskonar skýli, hlaðið upp af smalamönnum.



Mynd 6. Hleðsla [3352-004], Skjálfandafljót í bakgrunni. Mynd tekin til vesturs.

[3352-005] – varða – óþekkt

Varðan er staðsett í hrauni á austurbakka Skjálfandafljóts um 200 m sunnan við afréttargirðingu [3352-001]. Um er að ræða lága vörðu hlaðna úr hraungrýti, um 0,4 m á hæð og 0,5x0,5 að stærð, vaxna fléttum og skófum. Varðan er að hluta til hrunin en hefur þó líklega ekki staðið mikið hærra þegar hún var heil. Hlutverk vörðunnar er ekki ljóst en hún stendur rúmum 50 m vestan við leið [3352-003].



Mynd 7. Varða [3352-005], Skjálfandafljót í bakgrunni. Mynd tekin til suðvesturs.

[3352-006] – varða – óþekkt

Varðan er staðsett á uppblásnu svæði í svokölluðum Nauthólum nokkurn veginn miðja vegu milli Skjálfandafljóts og Suðurár, stutt norðan við Nauthólakamb. Varðan er hlaðin misstóru hraungrýti á lágum hól og vaxin fléttum og skófum. Varðan er um 1,2 m á hæð og er 0,5x1 m að stærð. Ekki sást til fleiri varða í næsta nágrenni og er hlutverk vörðunnar ekki fyllilega ljóst.



Mynd 8. Varða [3352-006], mynd tekin til austurs.

[3352-007] – hleðsla – vörslugarður

Nústandandi afréttargirðing er staðsett við svokallaðan Nauthólakamb. Þar sem girðingin mætir Skjálfandafljóti liggur hún upp að bröttum kletti. Þar hefur grjóti verið hlaðið í skörð í



Mynd 9. Hleðsla [3352-007], Skjálfandafljót í bakgrunni. Mynd tekin til norðvesturs.

klettinum þar sem ekki hefur verið hægt að leggja girðinguna. Að öllum líkindum er hleðslan samtíma girðingunni og nær tæplega þeim aldri til að teljast sem aldursfriðaðar fornleifar. Hleðslan er hlaðin úr hraungrýti og er á bilinu 0,5-1 m á hæð og um 0,5 m á breidd.

[3352-008] – kennimark – Einbúi

Í örnefnaskrá Stóru-Tungu segir: „Þá er suður með fljótinu lyngi vaxin flesja, og er þar nokkuð stór klettur einstakur, sem heitir Einbúi“ (Örnefnaskrá Stóru-Tungu, bls 9). Stendur klettur einn upp úr lyngmóanum og hefur verið komið fyrir tveim steinum á honum efst.



Mynd 10. Einbúi [3352-008]. Mynd tekin til vesturs.

[3352-009] – niðurgröftur – kolagröf

Minjarnar eru staðsettar í lyngmóa í grunnu dalverpi er kallast Fagridalur á Aldey. Niðurgröfturinn er um 1 m á dýpt, 1,5x2 m að stærð og ferhyrntur í laginu. Um 2 m suðaustan við er annar líkur niðurgröftur. Gerð og lögun minjanna benda til þess að um kolagröf sé að ræða, þó er ekki hægt að útiloka að minjarnar séu náttúrumyndun.



Mynd 11. Kolagröf [3352-009]. Mynd tekin til norðvesturs.

[3352-010] – niðurgröftur – kolagröf

Minjarnar eru staðsettar í lyngmóa í grunnu dalverpi er kallast Fagridalur á Aldey. Niðurgröfturinn er aflangur og ferhyrndur í laginu, um 2,5x1,5 m að stærð og 1 m á dýpt. Um 2 m norðvestan við er annar líkur niðurgröftur. Gerð og lögun minjanna



Mynd 12. Kolagröf [3352-010], mynd tekin til suðausturs.

benda til þess að um kolagröf sé að ræða, þó er ekki hægt að útiloka að minjarnar séu náttúrumyndun.

[3352-025] – varða - samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-025, -026, -027, -028 & -029], sem liggja í röð í hrauninu austur-vestur á um 500 m kafla meðfram austurbakka Skjálfandafljóts ofan við Ingvararfoss. Varðan er um 1 m há, tveggja steina breið og þriggja steina há og hlaðin hraungrýti. Út frá vörðuröðinni liggur önnur röð fimm varða til norðurs.



Mynd 13. Varða [3352-025], Skjálfandafljót í bakgrunni. Mynd tekin til suðvesturs.

[3352-026] – varða - samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-025, -026, -027, -028 & -029], sem liggja í röð í hrauninu austur-vestur á um 500 m kafla meðfram austurbakka Skjálfandafljóts ofan við Ingvararfoss. Varðan samanstendur af sjö steinum sem eru hlaðnir ofan á stóran hraunhnúllung. Varðan er tveggja steina há, tveggja steina breið og hlaðin hraungrýti. Út frá vörðuröðinni liggur önnur röð fimm varða til norðurs.



Mynd 14. Varða [3352-026], Skjálfandafljót í bakgrunni. Mynd tekin til suðvesturs.

[3352-027] – varða - samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-025, -026, -027, -028 & -029], sem liggja í röð í hrauninu austur-vestur á um 500 m kafla meðfram austurbakka Skjálfandafljóts ofan við Ingvararfoss. Nokkuð reisuleg varða, um 1 m á hæð, 0,6x0,6 m að stærð og mjókkar upp. Varðan er hlaðin hraungrýti og stendur á sléttlendi. Út frá vörðuröðinni liggur önnur röð fimm varða til norðurs.



Mynd 15. Varða [3352-027]. Mynd tekin til norðvesturs.

[3352-028] – varða - samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-025, -026, -027, -028 & -029], sem liggja í röð í hrauninu austur-vestur á um 500 m kafla meðfram austurbakka Skjálfandafljóts ofan við Ingvararfoss. Varðan er nokkuð einföld að gerð en um að ræða þrjá minni hraunsteina ofan á stórum hraunhnúlli. Stendur varðan um 0,4 m á hæð. Út frá vörðuröðinni liggur önnur röð fimm varða til norðurs.



Mynd 16. Varða [3352-028], Skjálfandafljót í bakgrunni. Mynd tekin til suðurs.

[3352-029] – varða - samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-025, -026, -027, -028 & -029], sem liggja í röð í hrauninu austur-vestur á um 500 m kafla meðfram austurbakka Skjálfandafljóts ofan við Ingvararfoss. Varðan er einföld að gerð og hefur tveimur meðalstórum steinum verið hlaðið ofan á stærra



Mynd 17. Varða [3352-029]. Mynd tekin til vesturs.

jarðfast hraungrýti. Stendur varðan um 0,6 m á hæð. Út frá röð varðanna liggur önnur röð fimm varða til norðurs.

[3352-030] – varða - samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-030, -031, -036, -037 & -038], sem liggja til norðurs frá austurbakka Skjálfandafljóts, stutt ofan við Ingvararfoss, í átt að Háturfum á 300 m löngum kafla. Vörðuröðin liggur frá annarri röð fimm varða sem liggja austur-vestur meðfram austurbakka fljótsins. Um er að ræða reisulega vörðu hlaðna á stórum hraunhnúllungi. Varðan er hlaðin úr hraungrýti, er um 1 m á hæð og 0,5x0,5 á stærð.



Mynd 18. Varða [3352-030]. Mynd tekin til austurs.

[3352-031] – varða - samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-030, -031, -036, -037 & -038], sem liggja til norðurs frá austurbakka Skjálfandafljóts, stutt ofan við Ingvararfoss, í átt að Háturfum á 300 m löngum kafla. Vörðuröðin liggur frá annarri röð fimm varða sem liggja austur-vestur meðfram austurbakka fljótsins. Um er að ræða um 0,6 m háa vörðu sem stendur á stórum hraunhnúllungi. Varðan er breiðust neðst og mjókkar svo upp.



Mynd 19. Varða [3352-031]. Mynd tekin til norðurs.

[3352-032] – varða - samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-032, -033, -034, -035 & -036], sem liggja austur-vestur um hraunið frá Lágahrauni í átt að Löngulág á 600 m löngum kafla. Varðan er hlaðin ofan á hraunkletti og stendur um 0,5 m upp af honum. Varðan er hlaðin úr hraungrýti og er um 0,4x0,4m að stærð.



Mynd 20. Varða [3352-032]. Mynd tekin til vesturs.

[3352-033] – varða - samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-032, -033, -034, -035 & -036], sem liggja austur-vestur um hraunið frá Lágahrauni í átt að Löngulág á 600 m löngum kafla. Varðan er einföld að gerð og hefur tveim steinum verið hlaðið upp á stóran hraunhnúllung.



Mynd 21. Minjar [3352-033]. Mynd tekin til suðurs.

[3352-034] – varða - samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-032, -033, -034, -035 & -036], sem liggja austur-vestur um hraunið frá Lágahrauni í átt að Löngulág á 600 m löngum kafla. Um er að ræða hálf hrunda vörðu, um 0,4 m á hæð og 0,5x0,5 m að stærð. Varðan er staðsett í austurhlíð hraunhóls og fer nokkuð lítið fyrir henni.



Mynd 22. Varða [3352-034]. Mynd tekin til suðvesturs.

[3352-035] – varða - samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-032, -033, -034, -035 & -036], sem liggja austur-vestur um hraunið frá Lágahrauni í átt að Löngulág á 600 m löngum kafla. Varðan samanstendur af fjórum meðalstórum steinum sem hlaðnir hafa verið ofan á hraunhnúllung. Varðan stendur um 0,4 m hæð upp frá hnúllungnum.



Mynd 23. Varða [3352-035]. Mynd tekin til suðurs.

[3352-036] – varða - samgöngubót

Varðan fellur inn í tvær raðir sem samanstanda af fimm vörðum, [3352-032, -033, -034, -035 & -036] og [3352-030, -031, -036, -037 & -038]. Liggja raðirnar tvær annars vegar austur-vestur og norður-suður um hraunið á austurbakka Skjálfafljóts ofan við Ingvararfoss. Varðan stendur lágt og er tveggja steina há og tveggja steina breið.



Mynd 24. Varða [3352-036]. Mynd tekin til vesturs.

[3352-037] – varða - samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-030, -031, -036, -037 & -038], sem liggja til norðurs frá austurbakka Skjálfafljóts, stutt ofan við Ingvararfoss í átt að Hátorfum á 300 m löngum kafla. Vörðuröðin liggur frá annarri röð fimm varða sem liggja austur-vestur meðfram austurbakka



Mynd 25. Varða [3352-037]. Mynd tekin til suðurs.

fljótsins. Varðan stendur í grónum lyngmóa og er um 1 m á hæð og 0,5x0,5 m á stærð.

[3352-038] – varða - samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-030, -031, -036, -037 & -038], sem liggja til norðurs frá austurbakka Skjálfandafljóts, stutt ofan við Ingvararfoss í átt að Hátorfum á 300 m löngum kafla. Vörðuröðin liggur frá annarri röð fimm varða sem liggja austur-vestur meðfram austurbakka fljótsins. Varðan er um 0,8 m á hæð og um 0,5x0,5 m að stærð.



Mynd 26. Varða [3352-038], í bakgrunni má sjá vörðu [3352-037]. Mynd tekin til suðurs.

[3352-039] – gata - leið


Gatan er greinanleg á tveimur stöðum innan svæðisins og liggur frá Hátorfu til norðvesturs ofan við Löngulág. Um er að ræða einfaldan kindastíg.



Mynd 27. Gata [3352-039]. Mynd tekin til vesturs.

[3352-040] – varða - óþekkt


Varðan er staðsett á lágu hraunhrygg í svokölluðum Botnum um 120 m norðaustan við bílastæðið við Aldey. Um er að ræða hálfhrunda vörðu sem hlaðin er úr fimm meðalstórum steinum. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en önnur varða [3352-045] stendur um 40 m suðvestan við hana.



Mynd 28. Varða [3352-040]. Mynd tekin til norðurs.

[3352-043] – hellir – Lekaskúti

Í örnefnaskrá Stóru-Tungu segir: „Í giliinu eru hellar og skútar. Þar er Lekaskúti. Þar er vatn úr berginu.“ (Örnefnaskrá Stóru-Tungu, bls 11). Á hér við gilið sem Kvísl rennur í og afmarkar Aldey að norðan. Ekki sjást nein mannanna verk í hellinum.



Mynd 29. Lekaskúti [3352-043]. Mynd tekin til austurs.

[3352-044] – hellir – Móruskúti

Í örnefnaskrá Stóru-Tungu segir: „Í giliinu eru hellar og skútar. Þar er Lekaskúti. Þar er vatn úr berginu. Um mitt gilið gegnt honum að vestan er svo Móruskúti, dregið af nafni á kind.“ (Örnefnaskrá Stóru-Tungu, bls 11). Á hér við gilið sem Kvísl rennur í og afmarkar Aldey að norðan. Ekki sjást nein mannanna verk í hellinum.



Mynd 30. Móruskúti [3352-044]. Mynd tekin til norðausturs.

[3352-045] – varða – samgöngubót

Varða staðsett á lágum hraunhrygg í svokölluðum Botnum um 80 m norðaustan við bílastæðið við Aldey. Varðan er einföld að gerð og hefur tveim steinum verið hlaðinn á stóran hraunhnúllung. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en önnur varða [3352-040] stendur um 40 m norðaustan við hana.



Mynd 31. Varða [3352-045]. Mynd tekin til austurs.

[3352-046] – varða - óþekkt

Varðan er staðsett á Langamel um 100 m vestan við Háturfur. Varðan er reist ofan á hraunhnúllungi og stendur um 0,5 m há upp af hnúllungnum. Fleiri vörður voru ekki sjáanlegar í næsta nágrenni og er hlutverk minjanna ekki ljóst.



Mynd 32. Varða [3352-047]. Mynd tekin til suðurs.

[3352-047] – hleðsla – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í lágum klettum við blásinn mel stutt ofan við Löngulág. Um 20 m norðan við minjarnar er varða [3352-049]. Um er að ræða nokkuð illgreinanlega sporöskjulaga hleðslu. Þykkt hleðslunnar er um tvær til fjórar umferðir steina og hæð hennar um ein til tvær umferðir. Hlutverk minjanna eru ekki skýrt og hugsast getur að um náttúrumyndun sé að ræða.



Mynd 33. Hleðsla [3352-048]. Mynd tekin til norðurs.

[3352-048] – varða - óþekkt

Minjarnar eru staðsettur á blásnum með stutt ofan við Löngulág. Um 20 m sunnan við vörðuna er hleðsla [3352-048]. Um er að ræða hrunda vörðu sem reist hefur verið á lágt bjarg sem stendur þarna upp úr melnum. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en mögulega tengist varðan götu



Mynd 34. Varða [3352-049]. Mynd tekin til norðausturs.

[3352-039] sem er greinileg um 100 m suðaustan við vörðuna.

[3352-050] – heimild – tóft

Í örnefnaskrá Stóru-Tungu segir: „*Sunnan við þá hækkar hraunið, og heitir þar Nauthólakambur. Sunnan við Kamb heitir hraunið einu nafni Suðurárhraun. Milli Suðurár og fljótsins og suður að Sandá. Við Nauthólakamb sjást merki um húsatóftir.*“ (Örnefnaskrá Stóru-Tungu, bls 9). Við vettvangsskoðun nú sást engin ummerki um minjarnar innan skráningarsvæðisins.

Litla-Tunga

Jarðarinnar er sennilega fyrst getið í Reykdælu sem rituð er á miðri 13. öld en þar er jörðin titluð Ísólfstunga (Björn Sigfússon, 1940:225; Orri Vésteinsson, 2016:70). Jarðarinnar er svo getið í máldaga Lundarbrekku frá 1318 (Íslenzkt Fornbréfasafn, II. bindi, bls 437-438). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er jörðin metin 5 hundruð að dýrleika og eins í mati Johnsen (Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1943:143; J. Johnsen, 1847:323). Uppblástur hefur haft mikil áhrif á svæðinu og árið 1879 fór jörðin í eyði vegna þessa, síðasti bóndinn á bænum var Eiríkur Björnsson sem bjó þar í 44 ár. Tóku Mýrarmenn við jörðinni eftir að hún fór í eyði og hélt uppblástur áfram þangað til að sandgræðslugirðing var reist (Jón Sigurðsson, 1954:219).

[3352-011] – varða – óþekkt

Minjar þessar hafa áður verið skráðar í fornleifaskráningu, þar fengu þær númerið SP-173:021. Er þeim þar lýst svona:

„Í Merkjalágum er vörðubrot á lágu melholti fast vestan við núverandi Sprengisandsveg og fast norðan við vírgirðinguna sem liggur yfir lágarnar. Varðan er rúmum 100 m

austan við miðlínu ráðgerðs vegstæðis Sprengisandsvegar. Blásinn melur, um 150 m austur af Íshólsvatni. Ein stór hella (+70 sm) ofan á öðrum minni og tveir hnúllungar, aflöng dreif, u.þ.b. 2x 1m, ekki meir en 0.2 m há. Grjótið er augljóslega dregið saman af mönnum en ekki



Mynd 35. Varða [3352-011]. mynd tekin til vesturs.

víst að það hafi verið gert fyrir löngu, en ekki er það útilokað heldur. Varða þessi er hér skráð stök en á margt sameiginlegt með öðrum vörðum sem flestar eru nýlegar og reistar hafa verið við núverandi Sprengisandsveg. Slíkar vörður voru skráðar undir einu númeri á Bárðdælaafrétti og öðru númeri í Rangárvalasýslu (sjá númer SP-643:016 og RA-674:017)“ (Orri Vésteinsson, 2016:80-81).

Voru minjarnar staðsettar út frá hnitum fyrri skráningar og sást móta líttillega fyrir þeim í snjónum.

[3352-012] – hleðsla – vörslugarður

Minjarnar eru staðsettar stutt ofan við Hrafnabjargarfoss á litlu nesi beint vestur af Merkilágum. Um er að ræða slitna grjóthleðslu á um 150 m löngu kafla um hraunið. Hleðslan liggur samsíða nústandandi girðingu sem liggur við Merkilágar milli Skjálfandafljóts og Íshólsvatns og afmarkar afréttina. Að stærstum hluta er hleðslan einn-tveir steinar á hæð og hefur vafalítið þjónað þeim tilgangi að styrkja girðinguna sem þarna hefur staðið áður en hún var færð nokkra metra utar.



Mynd 36. Vörslugarður [3352-012]. Mynd tekin til austurs.

[3352-013] – varða – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar á melhól stutt ofan við bílastæðin við Aldeyjarfoss, vestan Skjálfandafljóts. Varðan er um 1 m á hæð, 2x2 m að stærð og er líkari grjóthrúgu en vel hlaðinni vörðu. Hlutverk minjanna er ekki þekkt og hugsast getur að varðan sé hlaðin af seinni tíma ferðalöngum. Það verður þó ekki sagt með vissu.



Mynd 37. Varða [3352-013], bílastæði við Aldeyjarfoss í bakgrunni. Mynd tekin til norðvesturs.

[3352-014] – varða – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar austarlega á Ingvararnesi þar sem Skjálfandafljót tekur krappa beygju til vesturs, ofan við Aldeyjar- og Ingvararfoss. Um er að ræða litla vörðu um 0,8 m á hæð og 1x1,5 m á stærð. Um 90 m austar við vörðuna stendur önnur varða

[3352-015] sem er stærri og reisulegri. Hlutverk minjanna er ekki ljóst og bera þær ekki þess merki að vera mjög fornar.



Mynd 38. Varða [3352-014], má sjá glitta í vörðu [3352-015] í bakgrunni. Mynd tekin til suðausturs.

[3352-015] – varða – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar austarlega á Ingvararnesi, nokkurn veginn beint til móts við afréttargirðingu [3352-001] á vesturbakka fljótsins. Varðan er reist ofan á stórum hraunstapa og stendur hátt í 2 m á hæð, 1 m upp af stapanum. Í grunninn er varðan um 2x2 m að stærð og mjókkar upp. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en staðsetning vörðunnar beint á móti gömlu mörkum afréttarinnar á hinum bakka árinna gefur til kynna að tenging sé þar á milli.



Mynd 39. Varða [3352-015], Skjálfandafljót og afréttargirðing [3352-001] í bakgrunni. Mynd tekin til austurs.

[3352-016] – varða – samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-016, -017, -018, -019 & -020], sem standa á hæðum á hraunhrygg sem liggur norður-suður eftir Ingvararnesi miðju. Varðan er reist ofan á stóru hraungrýti og samanstendur af fjórum meðalstórum



Mynd 40. Varða [3352-016]. Mynd tekin til norðurs.

steinum. Vörðurnar virðast merkja leiðina að tóft [3352-021] sem stendur syðst á nesinu.

[3352-017] – varða – samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-016, -017, -018, -019 & -020], sem standa á hæðum á hraunhrygg sem liggur norður-suður eftir Ingvararnesi miðju. Varðan eða vörðubrotið er reist ofan á lágum hraunstapa og samanstendur af tveimur meðalstórum steinum.

Vörðurnar virðast merkja leiðina að tóft [3352-021] sem stendur syðst á nesinu.



Mynd 41. Varða [3352-017]. Mynd tekin til norðvesturs

[3352-018] – varða – samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-016, -017, -018, -019 & -020], sem standa á hæðum á hraunhrygg sem liggur norður-suður eftir Ingvararnesi miðju. Varðan er einföld að gerð og samanstendur af einum meðalstórum steini sem er reistur ofan á lágan hraunstapa. Vörðurnar virðast merkja leiðina að tóft [3352-021] sem stendur syðst á nesinu.



Mynd 42. Varða [3352-018]. Mynd tekin til norðurs.

[3352-019] – varða – samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-016, -017, -018, -019 & -020], sem standa á hæðum á hraunhrygg sem liggur norður-suður eftir Ingvararnesi miðju. Varðan er hrunin og samanstendur af fimm steinum uppi á lágum hól. Vörðurnar virðast



Mynd 43. Varða [3352-019]. Mynd tekin til norðurs.

merkja leiðina að tóft [3352-021] sem stendur syðst á nesinu.

[3352-020] – varða – samgöngubót

Varðan er hluti af röð fimm varða, [3352-016, -017, -018, -019 & -020], sem standa á hæðum á hraunhrygg sem liggur norður-suður eftir Ingvararnesi miðju. Varðan er einföld að gerð og hefur einn meðalstór steinn verið lagður ofan á hraunhnúllung. Vörðurnar virðast merkja leiðina að tóft [3352-021] sem stendur syðst á nesinu.



Mynd 44. Varða [3352-020]. Mynd tekin til suðurs.

[3352-021] – tóft – fjárskýli

Minjar þessar hafa áður verið skráðar í fornleifaskráningu, þar fengu þær númerið SP-173:006. Er þeim þar lýst svona:

„Austur af Ingvararhlíð tekur fljótið bug á sig og myndar þar nes sem heitir Ingvararnes. Það er með hraunhólum og meltorfum. Þar syðst



Mynd 45. Tóft [3352-021]. Mynd tekin til norðurs.

er sortulyngstorfa sem hlaðið hefur verið að." segir í örnefnalýsingu. Hringlaga grjóthlaðin rétt eða byrgi - fjárborg?- er syðst á Ingvararnesi, á hraunhóli sem skagar til suðurs út í fljótið. Borgin er 7 m frá árbakkanum og um 150 austur af rótum Ingvararhlíðar. Eyri er í fljótinu beint suður af og rennur það í tveimur kvíslum sitthvorumegin við hana. Ingvararhlíð er melalda, ber að ofan en meltorfur eru neðantil í hlíðunum. Ingvararnes er að mestu úfið og gróðurnautt hraun en snöggir lyngmóablettir eru í lægðum og slétt eyri meðfram ánni að austan. Milli hrauns og hlíðar er sandfyllt geil sem auðvelt er að ganga eftir frá Aldeyjarfossi. Skjálfafljót rennur breitt og að því er virðist jafndjúpt austan við þennan stað og gæti þar verið vað. 5x5 m nærri hringlaga mannvirki (meiri hringur að innan en utan), hlaðið úr hraungrýti utan í allstóran hraunklett að suðaustanverðu og er op fast norðan við hann - til austurs. Hleðslur standa upp í 1,8 m að utan - 6 umför, mest 7, og hefur

hrunið lítillega úr efsta umfarinu en ytri hluti veggjarins er líka farinn að síga út til suðvesturs og mun hrynja úr honum stórt stykki fyrr eða síðar. Hleðslan er tvöföld, úr allstóru hraungrýti, steinarnir 30-60 sm. Innan í hefur tóftin fyllst af sandi þannig að hún er sléttfull nema meðfram vesturhlið þar sem geil er á milli. Sandbunkinn er gróinn krækiberjalyngi, fjalldrapa og gulvíði. 2 m austan við hefur nokkrum hraunsteinum verið raðað á brún, mest 2 umför, alls um 4 m í sveig eins og aðhald að dyrum borgarinnar.“ (Orri Vésteinsson 2016:74-75).

Voru minjarnar mældar upp á vettvangi og myndaðar. Út frá lýsingum úr fyrri skráningu hafa ekki orðið miklar breytingar á minjunum síðan.

[3352-022] – hleðsla – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar á lágum hól stutt austan við Ingvararhlíð á Ingvararnesi. Um er að ræða lága hleðslu, 1-2 steinar á hæð, sem liggur á um 12 m löngu svæði. Veggahæð er á bilinu 0,2-0,4 m og breidd veggja á bilinu 0,6-1,2 m. Hleðslan liggur austur-vestur og við sitthvorn enda hennar ganga tveir angar frá henni um 2 m til suðurs. Vestan við miðju hleðslunnar er landið hæðst og má greina þar lítið U-laga rými, um 1,5x1,5 m að stærð og opið til austurs. Ekki er ljóst hvaða hlutverki mannvirkið hefur þjónað, mögulega er þarna um að ræða skjól sem smalar hafa hlaðið sér eða skotbyrgi.



Mynd 46. Hleðsla [3352-022]. Mynd tekin til suðausturs.

[3352-023] – varða – óþekkt

Varðan er staðsett á lágum hól stutt austan undir Ingvararhlíð á Ingvararnesi. Um er að ræða sex minni steina sem hlaðnir eru á stærra hraungrýti. Hæð vörðunnar er um 0,5 m og er stærð hennar um 0,5x0,5 m. Hlutverk minjanna er ekki fyllilega ljóst en varðan gæti tengst röð varða



Mynd 47. Varða [3352-023]. Mynd tekin til norðurs.

sem liggja utar á nesinu [3352-016]-[3352-020].

[3352-024] – varða – óþekkt

Varðan er staðsett á hól í hrauni spölkorn suður af Aldeyjarfossi og um 150 m austan við bílastæðið. Hæð vörðunnar er um 0,5 m og er hún 1x1 m að stærð. Varðan er hlaðin úr meðalstóru hraungrýti. Ekki er fyllilega ljóst hvert hlutverk vörðunnar er en hún gæti tengst röð varða sunnar og austar á Ingvararnesi.



Mynd 48. Varða [3352-024]. Mynd tekin til austurs.

[3352-041] – örnefni - Álfakirkja

Inn á örnefnakort Landmælinga Íslands er merkt inn örnefnið Álfakirkja. Örnefnið er staðsett nálægt vesturbakka Skjálfandafljóts á móts við þann stað sem svokölluð Kvísl sem sprettur upp við Aldey rennur út í fljótið. Álfakirkjan er stuðlaklettur sem rís upp úr lyngmóanum. Kletturinn hækkar jafnt frá sitthvorri hliðinni inn að miðjunni og minnir óneitanlega á kirkju.



Mynd 49. Álfakirkja [3352-041]. Mynd tekin til vesturs.

[3352-042] – örnefni – Kolhöfði

Minjar þessar hafa áður verið skráðar í fornleifaskráningu, þar fengu þær númerið SP-173:005. Er þeim þar lýst svona:

„Austur af Litlatungubæ eru blásnir melar eins og fyrr segir, Litlutungumelur. Þar myndast dokk inn í landið og nafnlaus gróf. Þar



Mynd 50. Kolhöfði [3352-042]. Mynd tekin til norðvesturs.

austar er höfði með torfuslitum á. Hann heitir Kolhöfði." segir í örnefnalýsingu. Kolhöfði er milli Litlutungumels og Skjálfandafljóts og er í raun nyrsti og lægsti hluti Ingvararhlíðar. Höfðinn er örfoka melur og engar gróðurtorfur fyrr en 300 m suður með grófinni sem aðskilur höfðann og Litlutungumel. Hún er á móts við þar sem núverandi Sprengisandsvegur liggur ofan í grófina. Ekki er vitað um neinar kolagrafir á þessu svæði (sjá 016) en lurkalag er ofan í grófinni vestan við. Líklegt er að melarnir, Kolhöfði/Ingvararhlíð og Litlutungumelur hafi verið skógi vaxnir áður fyrr en kolagerðin gæti hafa staðið í sambandi við mögulegan rauðablástur úr mýrinni norðan við höfðann. " (Orri Vésteinsson, 2016: 74).

Standa minjarnar stutt utan við skráningarsvæðið.

[3352-049] – örnefni – Merkilágar

Í örnefnaskrá Litlu-tungu segir: „Að sunnan, móti afréttinum, sem nú er, áður Íshóli, eru merkin fyrst um Merkilágar, sem eru upp frá Skjálfandafljóti, og þaðan nyrst í Íshólsvatn.“ (Örnefnaskrá Litlutungu, bls. 1). Um er að ræða lægð í landinu milli Skjálfandafljóts og Íshólsvatns og liggur afréttargirðingin þar núna.

Niðurstöður

Í heildina voru skráðar 50 minjar við fornleifaskráninguna, þrjár þeirra hafa verið skráðar áður í fyrri fornleifaskráningu (Orri Vésteinsson 2016). Af þeim 50 minjum sem skráðar voru teljast þrjár þeirra ekki til friðaðra fornleifa sökum eðlis eða aldurs: hellarnir tveir [3352-043 & -044] og hleðsla við afréttargirðingu [3352-007]. Allar minjarnar eru staðsettar innan skráningarsvæðisins utan við Kolhöfða [3352-042] en hann liggur um 60 m vestan við vesturmörk svæðisins. Meirihluti minjanna sem skráðar voru eru vörður, bæði vörður sem merkja greinilega fyrir leið og stakar vörður með óþekkt hlutverk. Skráningarsvæðið liggur að stærstum hluta í hrauni og örfoka landi í töluverðri fjarlægð frá byggðu bóli í og við afréttir. Ekki voru skráðar neinar minjar um búsetu utan við heimild um húsatóftir [3352-050] en enginn ummerki þeirra fundust við vettvangsskoðun. Öll skráðu mannvirkin voru hlaðin grjóti enda nægt magn hraunmola á svæðinu og lítill jarðvegur til torfristu á stórum hluta svæðisins. Tvær meintar kolagrafir voru skráðar í Aldey og má leiða líkum að því að skógur hafi verið í eygni á einhverjum tímapunkti, enn má sjá nokkrar birkihrislur á svæðinu.

Þar sem ekki liggur fyrir eðli og umfang fyrirætlaðra framkvæmda á svæðinu verður hér ekki gert grein fyrir skráðum minjum með tilliti til þeirra. Ekki er víst að allar minjar á

svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. laga nr. 80/2012. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. laga nr. 80/2012 segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildaskrá:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). *Jarðabók – Þingeyjarsýslu*. 11. bindi. Hið Íslenska Fræðafjelag. Kaupmannahöfn.

Björn Sigfússon. (1940). *Ljósvetningasaga, Reykdæla saga ok Víga-Skútu. Íslenzk Fornrit*. X. bindi. Hið Íslenzka Fornritafélag. Reykjavík.

Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir. (1994). *Þingeyjarsýslur – Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*. Gott mál hf. Reykjavík.

Jón Sigurðsson. (1954). *Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður Þingeyjarsýsla*. Ritsafn Þingeyinga II. Sögunefnd Þingeyinga. Helgafell. Reykjavík.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S, Trier. Kaupmannahöfn.

Íslenzkt Fornbréfasafn, II. bindi. (1893). Hið Íslenzka Bókmenntafélag. S. L. Möller.

Íslenzkt Fornbréfasafn, III. bindi. (1896). Hið Íslenzka Bókmenntafélag. S. L. Möller.

Lög um menningarminjar, 2012 nr. 80, 29. júní

Orri Vésteinsson. (2016). *Fornleifar fremst á Bárðardal vestanmegin - Mýri, Mjóidalur, Íshóll og Litlatunga*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. FS630-04193.

Örnefnaskrá Litlatungu, Suður-Þingeyjarsýsla, Bárðælahreppur – Ari Gíslason skráði.

Örnefnaskrá Stóru-Tungu, Suður-Þingeyjarsýsla, Bárðælahreppur – Ari Gíslason skráði.

Viðauki I. Tafla yfir skráðar minjar

Númer	Teg.	Hlutverk	Vernd	Ástand	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3352-001	garðlag	vörslugarður	friðað	vel greinanlegar	1550-1950	578376,003	541774,509
3352-002	hleðsla	rétt	friðað	vel greinanlegar	1550-1950	578230,871	541738,256
3352-003	gata	leið	friðað	vel greinanlegar	800-1900	578245,970	541630,672
3352-004	hleðsla	óþekkt	friðað	greinanlegar	1550-1900	578222,356	541715,235
3352-005	varða	óþekkt	friðað	greinanlegar	800-1900	578188,601	541509,957
3352-006	varða	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	800-1900	578254,002	540227,019
3352-007	hleðsla	vörslugarður	annað	vel greinanlegar	1950-2000	577856,543	540198,318
3352-008	örnefni	kennimark	friðað	vel greinanlegar	800-1900	578099,656	541105,065
3352-009	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	800-1900	577062,216	542115,168
3352-010	niðurgroftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	800-1900	577064,902	542111,293
3352-011	varða	óþekkt	friðað	illgreinanlegar	800-1900	576667,269	538857,234
3352-012	hleðsla	vörslugarður	friðað	vel greinanlegar	1900-2000	577201,411	538756,265
3352-013	varða	óþekkt	friðað	heillegar	800-1900	577242,585	541593,827
3352-014	varða	óþekkt	friðað	heillegar	800-1900	577998,383	541707,556
3352-015	varða	óþekkt	friðað	heillegar	800-1900	578070,512	541677,332
3352-016	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	800-1900	577714,998	541201,135
3352-017	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	800-1900	577734,276	541107,383
3352-018	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	800-1900	577765,312	540890,151
3352-019	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	800-1900	577812,919	540720,903
3352-020	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	800-1900	577774,645	540471,474
3352-021	tóft	fjárskýli	friðað	heillegar	1550-1900	577708,316	540369,758
3352-022	hleðsla	óþekkt	friðað	illgreinanlegar	800-1900	577590,624	540999,723
3352-023	varða	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	800-1900	577538,694	541232,680
3352-024	varða	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	800-1900	577354,768	541698,212
3352-025	varða	samgöngubót	friðað	vel greinanlegar	800-1900	578098,454	541870,526

3352-026	varða	samgöngubót	friðað	vel greinanlegar	800-1900	578015,099	541901,900
3352-027	varða	samgöngubót	friðað	heillegar	800-1900	577948,847	541926,717
3352-028	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	800-1900	577872,101	541914,857
3352-029	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	800-1900	577843,829	541916,461
3352-030	varða	samgöngubót	friðað	vel greinanlegar	800-1900	577899,880	541960,183
3352-031	varða	samgöngubót	friðað	vel greinanlegar	800-1900	577897,076	541984,511
3352-032	varða	samgöngubót	friðað	vel greinanlegar	800-1900	577722,780	542053,004
3352-033	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	800-1900	578173,331	541987,210
3352-034	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	800-1900	578292,526	542019,250
3352-035	varða	samgöngubót	friðað	vel greinanlegar	800-1900	578120,056	542095,089
3352-036	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	800-1900	577871,146	542114,137
3352-037	varða	samgöngubót	friðað	vel greinanlegar	800-1900	577855,941	542211,408
3352-038	varða	samgöngubót	friðað	vel greinanlegar	800-1900	577853,777	542237,283
3352-039	gata	leið	friðað	greinanlegar	800-1900	577427,763	542331,953
3352-040	varða	óþekkt	friðað	greinanlegar	800-1900	577202,471	542489,346
3352-041	örnefni	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	800-1900	576726,786	542451,121
3352-042	örnefni	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	800-1900	576561,015	542447,562
3352-043	hellir	óþekkt	annað	vel greinanlegar	800-1900	577247,820	542164,400
3352-044	hellir	óþekkt	annað	vel greinanlegar	800-1900	577179,495	542285,288
3352-045	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	800-1900	577167,515	542464,622
3352-046	varða	óþekkt	friðað	greinanlegar	800-1900	577609,837	542502,101
3352-047	hleðsla	óþekkt	friðað	illgreinanlegar	800-1900	577345,588	542420,894
3352-048	varða	óþekkt	friðað	greinanlegar	800-1900	577345,624	542444,899
3352-049	örnefni	landamerki	friðað	vel greinanlegar	800-1900	576849,006	538807,468
3352-050	heimild	óþekkt	friðað	ómetið	800-1900	578286,014	540149,778

Viðauki II. Myndaskrá

Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.....	1
Mynd 2. Afmörkun skráningarsvæðisins.....	3
Mynd 3. Afréttargarður [3352-001], mynd tekin til vesturs.....	4
Mynd 4. Rétt [3352-002], mynd tekin til vesturs.....	4
Mynd 5. Gata [3352-003], mynd tekin til norðurs.....	5
Mynd 6. Hleðsla [3352-004], Skjálfandafljót í bakgrunni. Mynd tekin til vesturs.....	5
Mynd 7. Varða [3352-005], Skjálfandafljót í bakgrunni. Mynd tekin til suðvesturs.....	6
Mynd 8. Varða [3352-006], mynd tekin til austurs.....	6
Mynd 9. Hleðsla [3352-007], Skjálfandafljót í bakgrunni. Mynd tekin til norðvesturs.....	6
Mynd 10. Einbúi [3352-008]. Mynd tekin til vesturs.....	7
Mynd 11. Kolagröf [3352-009]. Mynd tekin til norðvesturs.....	7
Mynd 12. Kolagröf [3352-010], mynd tekin til suðausturs.....	7
Mynd 13. Varða [3352-025], Skjálfandafljót í bakgrunni. Mynd tekin til suðvesturs.....	8
Mynd 14. Varða [3352-026], Skjálfandafljót í bakgrunni. Mynd tekin til suðvesturs.....	8
Mynd 15. Varða [3352-027]. Mynd tekin til norðvesturs.....	9
Mynd 16. Varða [3352-028], Skjálfandafljót í bakgrunni. Mynd tekin til suðurs.....	9
Mynd 17. Varða [3352-029]. Mynd tekin til vesturs.....	9
Mynd 18. Varða [3352-030]. Mynd tekin til austurs.....	10
Mynd 19. Varða [3352-031]. Mynd tekin til norðurs.....	10
Mynd 20. Varða [3352-032]. Mynd tekin til vesturs.....	11
Mynd 21. Minjar [3352-033]. Mynd tekin til suðurs.....	11
Mynd 22. Varða [3352-034]. Mynd tekin til suðvesturs.....	11
Mynd 23. Varða [3352-035]. Mynd tekin til suðurs.....	12
Mynd 24. Varða [3352-036]. Mynd tekin til vesturs.....	12
Mynd 25. Varða [3352-037]. Mynd tekin til suðurs.....	12
Mynd 26. Varða [3352-038], í bakgrunni má sjá vörðu [3352-037]. Mynd tekin til suðurs...13	
Mynd 27. Gata [3352-039]. Mynd tekin til vesturs.....	13
Mynd 28. Varða [3352-040]. Mynd tekin til norðurs.....	13
Mynd 29. Lekaskúti [3352-043]. Mynd tekin til austurs.....	14
Mynd 30. Móruskúti [3352-044]. Mynd tekin til norðausturs.....	14
Mynd 31. Varða [3352-045]. Mynd tekin til austurs.....	14
Mynd 33. Varða [3352-047]. Mynd tekin til suðurs.....	15

Mynd 34. Hleðsla [3352-048]. Mynd tekin til norðurs.....	15
Mynd 35. Varða [3352-049]. Mynd tekin til norðausturs.....	15
Mynd 36. Varða [3352-011]. mynd tekin til vesturs.	16
Mynd 37. Vörslugarður [3352-012]. Mynd tekin til austurs.	17
Mynd 38. Varða [3352-013], bílastæði við Aldeyjarfoss í bakgrunni. Mynd tekin til norðvesturs.....	17
Mynd 39. Varða [3352-014], má sjá glitta í vörðu [3352-015] í bakgrunni. Mynd tekin til suðausturs.....	18
Mynd 40. Varða [3352-015], Skjálfandafljót og afréttargirðing [3352-001] í bakgrunni. Mynd tekin til austurs.	18
Mynd 41. Varða [3352-016]. Mynd tekin til norðurs.	18
Mynd 42. Varða [3352-017]. Mynd tekin til norðvesturs.....	19
Mynd 43. Varða [3352-018]. Mynd tekin til norðurs.	19
Mynd 44. Varða [3352-019]. Mynd tekin til norðurs.	19
Mynd 45. Varða [3352-020]. Mynd tekin til suðurs.	20
Mynd 46. Tóft [3352-021]. Mynd tekin til norðurs.	20
Mynd 47. Hleðsla [3352-022]. Mynd tekin til suðausturs.	21
Mynd 48. Varða [3352-023]. Mynd tekin til norðurs.	21
Mynd 49. Varða [3352-024]. Mynd tekin til austurs.	22
Mynd 50. Álfakirkja [3352-041]. Mynd tekin til vesturs.	22
Mynd 51. Kolhöfði [3352-042]. Mynd tekin til norðvesturs.	22

Viðauki III. Minjakort

